

Kirkjuþing 2023-2024

25. mál - þskj. 25a

TILLAGA

til þingsályktunar um sölu fasteigna.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af framkvæmdanefnd.

Frsm. Einar Már Sigurðarson.

Kirkjuþing 2023 samþykkir að framkvæmdanefnd selji eftirfarandi fasteignir enda fáist viðunandi söluverð: Syðra-Laugaland 2, landnúmer 236505 (íbúðarhúsalóð skipt úr jörðinni Syðra-Laugaland, landnúmer 152790) og útihús að Syðra-Laugalandi ásamt lóð (matshlutarnir 03 0101 Fjánhús með áburðarkjallara 08 0101 Hlaða m/súgþurrkun og 13 0101 Kálfahús).

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdanefnd kirkjuþings. Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur til að heimild verði veitt til að selja ofangreindar fasteignir úr landi Syðra-Laugalands. Í 15. máli kirkjuþings 2021-2022 var veitt heimild til að selja Syðra-Laugaland, Eyjafjarðarsveit (íbúðarhús og lóð). Síðan sú heimild var veitt hefur verið unnið að því að koma eigninni á sölu en vandræði komu upp við að fá lóð samþykka undir húsið, sem óþarfi er að rekja hér nánar. Nú er búið að leysa úr því og lóð hefur verið stofnuð undir íbúðarhúsið og bílskúr sem ber heitið Syðra-Laugaland 2, landnúmer 236505. Með tillögu þessari er verið að óska eftir að endurnýja þá söluheimild. Þess skal getið að íbúðarhúsið er í sölumæðferð en verður ekki selt ef heimild fæst ekki fyrir því og ásett verð er 92,9 m.kr.

Hins vegar er gerð tillaga um heimild til sölu útihúsa en í fasteignaskrá eru þau skráð sem fjánhús, hlaða og kálfahús en í reynd er um að ræða eitt mannvirki sem í dag skiptist í hlöðu og hesthús. Mannvirkin þarfnast töluverðra endurbóta ef nýta á þau eða leigja út. Framkvæmdanefnd telur því að hagur sé í því að útihúsin séu seld og að það sé gert samhliða sölu íbúðarhússins, enda kann kaupandi þess að sjá hag sinn í því að eiga útihús á svæðinu og með því má hámarka það endurgjald sem fæst fyrir bæði íbúðarhús og útihús.

Áréttað er að tillaga þessi felur ekki í sér tillögu um sölu jarðnæðis heldur eingöngu mannvirkja og hæfilegrar lóðar þar um kring.